

Verkefni

- 1 Hvaða fjórum grundvallarspurningum um starfsemi hagkerfisins reynir hagfræðin að svara?
- 2 Hvað er markaður og hver eru markaðsöflin? Lýstu því hvernig markaðurinn stýrir nýtingu framleiðsluþáttanna með því að færa þá til þeirrar framleiðslu sem neytendur vilja kaupa og frá þeirri framleiðslu sem neytendurnir hafa ekki áhuga á.
- 3 Hvað er átt við með hreinu markaðskerfi og hver eru helstu einkenni þess?
- 4 Hvað er átt við með hreinu miðstýrðu kerfi og hver eru helstu einkenni þess?
- 5 Hvers vegna eru öll hagkerfi veraldarinnar blönduð hagkerfi?

Adam Smith, faðir hagfræðinnar

4

Adam Smith

Adam Smith (1723–1790) fæddist í þorpinu Kirkcaldy í Skotlandi. Hann var sonur einstæðrar móður því að faðir hans lést áður en hann fæddist. Fjögurra ára gömlum var drengnum rænt. Sígaunar höfðu hann á brott með sér og það var einungis að þakka skjótum viðbrögðum frænda hans sem elti þá uppi að frægasta hagfræðingi heimsins var bjargað þar sem hann lá einn og yfirgefinn í skurði fyrir utan veg þar sem sígaunarnir höfðu skilið hann eftir á flóttanum.

Adam Smith var ekki laglegur maður. Hann hafði leiðinda-kæk – hann hristi höfuðið og skók það í sífellu og hann stam-aði. En hér sannaðist að það er ekki alltaf að marka útlitið, Adam var miklum gáfum gæddur. Hann var settur til mennta í Oxford og dvaldist þar í sex ár. Þegar hann var tuttugu og átta ára gamall fékk hann kennarastöðu við háskólann í Glasgow og reyndist afburðakennari. Hann þótti nokkuð byltingasinnaður í kennsluháttum og vildi til dæmis ekki biðjast fyrir í byrjun hverrar kennslustundar eins og alsiða var á þessum tíma.

Árið 1759 gaf hann út bók um heimspeki, *The Theory of Moral Sentiments* (Kenningin um siðgæðisviðhorfin). Bókin fjallar um það hvernig mennirnir, sem eru í edli sínu eiginhagsmunaseggir, geta komist að siðferðislegri niðurstöðu þar sem einkahagsmunir eru látnir víkja. Adam taldi að ástæðan væri sá hæfileiki mannsins að geta sett sig í spor annarra og komast þannig að niðurstöðum sem byggðu á staðreyndum málsins út frá siðgæðisviðhorfum en ekki út frá einkahagsmunum.

Bókin vakti mikla athygli og vegna áhrifa hennar var Adam ráðinn til að kenna ungum aðalsmanni og ferðast með honum



Adam Smith 1723–1790

um meginland Evrópu í tvö ár, en slíkar ferðir voru taldar nauðsynlegur hluti góðrar menntunar ungra aðalsmanna þeirra tíma. Á þessu ferðalagi kynntist Adam mörgum nýstárlegum hugmyndum sem hann gat síðar nýtt sér en eftirlaunin sem hann hlaut að kennslu lokinni gerðu honum kleift að helga sig ritstörfum. Og það var einmitt í þessari ferð sem hann hóf að skrifa merkasta hagfræðiverk sögunnar, *Auðlegð þjóðanna*, og það var í smíðum í samfleytt ellefu ár. Mörgum þykir þetta efalaust langur tími en þessi bók færði Adam Smith sæmdarheitið „faðir hagfræðinnar“.

Auðlegð þjóðanna

Auðlegð þjóðanna er án efa frægasta og trúlega merkasta bók sem gefin hefur verið út um hagfræði frá upphafi. Hún var ekki skrifuð sem kennslubók fyrir ákveðið skólastig, hún átti erindi við miklu stærri lesendahóp. Adam Smith skrifaði bókina fyrir samtímamenn sína og hann vildi flytja þeim áriðandi boðskap.

Kaupauðgissstefnan

Á ofanverðri 18. öld var kaupauðgissstefnan ríkjandi stefna stjórnsvalda í efnahagsmálum. Almenn töldu menn að auðlegð þjóða væri gullið í fjárhirslum ríkisins. Rétt stefna stjórnsvalda í efnahagsmálum var að safna gulli. Þjóðir sem áttu ekki dýra málma í jörð gátu aflað gulls með því að selja öðrum þjóðum útflutning. Gullinu sem fékkst fyrir útflutninginn mátti ekki eyða og því voru strangar hömlur lagðar á innflutning en allt gert til að auka útflutning. Almennir átti að eyða sem minnstu því að sparsemi var dyggð.

Lögmálið um fullkomna yfirburði

Adam Smith réðist á ríkjandi hugmyndir kaupauðgissstefnunnar. Hann vildi láta afnema viðskiptahöft og sýndi fram á það með „lögmálinu um fullkomna yfirburði“ hvernig þjóðir gætu hagnast af utanríkisviðskiptum. Hann taldi að auðlegð þjóðanna væri ekki gullið í fjárhirslum ríkisins, heldur allar þær vörur og þjónusta sem þjóðirnar framleiddu og nýttu sér á ári hverju. Það var sem sé landsframleiðslan eða þjóðarframleiðslan sem var auðlegð þjóðanna. Adam hafði kynnst þessum hugmyndum í Frakklandi. Þar hafði hann hitt að máli marga merkismenn, meðal annarra þekktasta hugmyndafræðing Frakka í efnahagsmálum á þessum tíma, M. Quesney.

Quesney, sem var læknir að mennt, hafði búið til líkan af efnahagskerfinu sem líktist mjög blóðrásinni. Hann taldi að auðurinn

ætti rætur sínar að rekja til framleiðslunnar sem flæddi um þjóðarlíkamann og nærði hann rétt eins og þegar blóðið streymir um mannslíkamann. Hugmyndir Quesney voru hluti af kenningum svokallaðrar búauðgissstefnu en það voru efnahagshugmyndir í Frakklandi á 18. öld um að stjórnvöld ættu ekki að hafa afskipti af náttúrulögmálum hagkerfisins og að landgæðin væru uppspretta alls auðs.

Adam Smith, sem alinn var upp í Kirkcaldy og Glasgow þar sem atvinnulífið snerist um iðnað og handverk, vissi auðvitað vel að auðurinn átti rætur sínar að rekja til fleiri greina en landbúnaðar og akuryrkju en hann hreifst af hugmyndinni um framleiðsluna sem flæddi um þjóðarlíkamann.

Adam leitaði að einhverri „ósýnilegri hendi“ sem fær fyrirtæki og handverksmenn til að framleiða það sem nauðsynlegt er og þjóðfélagið vanhagar um, án þess að til komi miðstýring eða gamlar hefðir.

Hvernig stendur á því að þegar við þurfum að kaupa okkur nýja skó, þá eru þeir til í hillum verslananna? Hvernig stendur á því að þeir eru líka til í því númeri sem við notum? Hver er hún þessi ósýnilega hönd sem stýrir framleiðslunni á þann hátt að einmitt þeir hlutir sem okkur vanhagar um eru framleiddir?

Engin opinber stofnun hefur látið reikna út eða gera könnun á því hversu mörg pör af skóm þarf að framleiða á ári og ekki eru allir skóframleiðendurnir afkomendur framliðinna skósmíða sem framleiða skó af gömlum vana. Hvaðan kemur framleiðendunum þá þessi vitneskja um þörf okkar fyrir nýja skó?

Hugsun okkur skókaupmann, sem pantar svarta kvenskó af tegundinni X. Í fyrstu vikunni setur hann á markað tíu pör í hverju númeri. Hann selur strax öll skópörin í númerum 38 og 39, helminginn af skónum í stærðum 37 og 40 en ekki nema tvö pör í stærð 41 og 36. Það er skortur á skómi í tveimur númerum, nægar birgðir af skómi í tveimur númerum, en allt of mikið af skómi í stærsta og minnsta númerinu. Það þarf engan stórsnilling til að geta sér þess til hvað kaupmaðurinn gerir í næstu viku. Hann breytir pöntunum og pantar nú mest af þeim númerum sem seldust upp en lítið eða ekkert í stærsta og minnsta númerinu. Þetta gerir hann ekki af hreinni umhyggju-semi fyrir skólausu fólki sem notar stærðir 38 og 39 heldur gerir

Búauðgissstefnan

Ósýnileg hönd



hann þetta því að það kemur honum best. Hann pantar auðvit-
að þær stærðir sem seljast mest. Að öðrum kosti tapar hann á
versluninni og situr uppi með skóbirgðir sem enginn kaupir.
Skórnir seljast á háu verði og hann græðir á tá og fingri. Aðrir
skókaupmenn, sem selja aðrar tegundir af skóm þar sem gróð-
inn er minni, fréttu af þessum mikla hagnaði. Þeir eru auðvitað
allir helteknir af sömu arðsemishvöt eða löngun til að græða
sem herjar á alla verslunareigendur og framleiðendur fyrir og
síðar. Þeir panta því allir sams konar skó og þá sem kaupmað-
urinn okkar selur. Þetta gera þeir til að eignast örliða hlutdeild
í gróðanum. Framboð af svörtum kvenskóm eykst nú á mark-
aðnum því að nú ætla fleiri að græða á því að selja svarta skó.
Aukið framboð verður til þess að verðið lækkar smám saman á
markaðnum og verðlækkunin heldur áfram þangað til gróðinn af
því að selja svarta skó er sambærilegur við gróða af sölu annarra
tegunda. Þegar svo er komið hættir framboð af svörtum skóm
að aukast.

Einkahagsmunir og samkeppni

Það er sem sé tvennt sem stjórnar verðlagningu og sölu á vörum.
Það eru annars vegar einkahagsmunir og hins vegar samkeppni.
Þegar framleiðendur þjóna sínum eigin hagsmunum og færa sig
yfir í þá framleiðslu sem skilar meiri gróða eru þeir um leið að
svara þörfum og vilja neytenda. Þar sem löngunin til að græða
blundar í brjosti allra framleiðendanna flykkjast þeir þangað sem
gróðinn er meiri og þetta samstillta átak framleiðenda eykur
framboðið og lækkar um leið verðið sem gerir neytendum kleift
að eignast vöruna á góðu verði.

Það var þetta sem Adam Smith átti við þegar hann hélt því
fram „að græðgin ynni gott verk“. Hann setti fram kenninguna
um að hegðun manna stjórnaðist af einkahagsmunum. Einka-
hagsmunir vísa mönnum á þá framleiðslu sem neytendur vilja
kaupa og frá þeirri framleiðslu sem neytendur hafa annaðhvort
ekki áhuga eða tök á að kaupa.

Markaðslögmál Adams Smith eru í grundvallaratriðum
einföld. Ákveðin hegðun á markaði leiðir til ákveðinnar fyrir-
sjáanlegrar niðurstöðu. Lögmálið sýnir okkur hvernig einka-
hagsmunir fólks sem hefur svipuð markmið leiða til samkeppni
og það útskýrir einnig hvernig samkeppnin leiðir til þess að
einnmitt þær vörur sem neytendur vilja kaupa eru framleiddar

og í því magni og á því verði sem þeir vilja. Það eru einka-
hagsmunir sem vísa mönnum og þar með framleiðsluþáttunum
vegin til þeirrar framleiðslu og þeirra starfa sem þjóðfélagið
vill greiða fyrir.

Hátt verð og góð laun á markaði endurspeglar oftast en ekki skort
á vörum og vinnuafli. Hátt verð og góð laun draga til sín fram-
leiðendur og vinnuafli en lágt verð og léleg laun leiða til sam-
dráttar í framleiðslu og flóttu vinnuaflsins yfir í önnur og betur
launuð störf.

Einkahagsmunir hvetja menn til dáða en samkeppnin kemur
í veg fyrir að gróðafíknin eða arðsemishvötin hlaupi með þá í
gönnur og valdi því að þeir okri á **neytendum**. Hver sá sem leitast
við að skara eld að sinni köku rekst **fljótlega á** stóran hóp af öðru
fólki í sömu erindagjörðum.

Ef framleiðandinn reynir að selja vöruna á hærri verði en því
sem ríkir á markaðnum kaupir enginn af honum því að neyt-
endur hafa verðskyn og vita vel hvert markaðsverðið er enda var
vöruúrvalið heldur fábrottnara á 18. öldinni en það er í dag.

Ef atvinnurekandinn neitar að greiða svipuð laun og aðrir
þá helst honum ekki á starfsfólki og hann neyðist til að hætta
framleiðslunni.

Hátt verð á markaði er yfirleitt merki um mikinn gróða. Finni
framleiðendurnir hátt verð og mikinn gróða í einhverri fram-
leiðslugrein munu þeir leita þangað og hverfa frá þeim atvinnu-
greinum sem gefa minna af sér.

Um leið og framleiðendurnir færa framleiðsluþætti sína yfir
í gróðavænlegri framleiðslu vex framboð af vörum í þeirri grein
og verðið lækkar. Verðið heldur áfram að lækka þar til gróð-
inn í viðkomandi grein er orðinn sambærilegur við það sem
annars staðar gerist í þjóðfélaginu. Þannig valda einkahagsmunir
og samkeppni því að þær vörur eru framleiddar sem neytend-
urnir vilja fá og eru auk þess á lágu verði, einmitt vegna þess að
allir gera það sem kemur sér best fyrir þá. Þetta er snilldarlegt
kerfi.

Adam Smith vildi ekki bara fá að vita hver hin ósýnilega hönd
væri sem beindi framleiðendum að þeirri framleiðslu sem neyt-

Há laun gefa vinnu-
afllinu visbendingu.

Hátt verð og mikill
gróði eru merki til
framleiðenda.

Framtíðarþróun efnahagslífsins

endur vildu kaupa og vísaði launþegum veginn til þeirra starfa sem þjóðfélagið þurfti mest á að halda hverju sinni.

Hann vildi líka komast að því hvaða kraftur það er sem knýr efnahagslífið áfram, rétt eins og það gangi fyrir sjálfvirku vélaraflí. Hann veitti því athygli að afköst vinnuaflsins í Englandi margfölduðust vegna sérhæfingar og flókinnar verkaskiptingar í verksmiðjunum. Þessi flókna verkaskipting einfaldaði störfin í verksmiðjunum en það sem mestu máli skipti var þó hversu mjög hún bætti lífskjör fólksins.

Margfölduð afköst markaðskerfisins

Hluti skýringarinnar er markaðskerfið sjálft. Samkeppnin neyðir framleiðendur til að leita sífellt nýrra leiða til að framleiða á enn hagkvæmari hátt en áður. Þeir hagraða framleiðsluþáttunum og leita að hagkvæmari aðferðum – allt í þeirri von að þeim takist að standa sig í samkeppninni við keppinautana með enn ódýrari framleiðslu en þeir.


Adam bætti við markaðslögmálið tveimur nýjum kenningum til að útskýra þróun hagkerfisins. Þetta voru „kenningin um uppsöfnun auðsins“ og „kenningin um fólksfjöldann“.

Kenningin um uppsöfnun auðs

Kenningin um uppsöfnun auðsins var sú að framleiðandinn sem græðir á rekstrinum eyði ekki gróðanum í alls konar munað fyrir sig og fjölskyldu sína, heldur leggi hann gróðann fyrir. Tilgangur sparnaðarins er að geta seinna meir fjárfest í vélum og búnaði sem auki afköst vinnuaflsins og geri framleiðandanum kleift að standa sig enn betur í samkeppninni við keppinautana. Þetta er harður heimur því að „annaðhvort safnar þú auði eða þér verður safnað“. Aukin fjárfesting skapar líka vanda því að bættur vélakostur og fleiri verksmiðjur auka eftirspurn eftir vinnandi fólki. Þessi aukna eftirspurn hækkar laun sem éta nú upp allan gróðann sem áður var uppspretta þess hagnaðar sem vélarnar voru keyptar fyrir.

Kenningin um fólksfjöldann

Hvað var nú til ráða? Ekki stóð á svarinu hjá Adam Smith. Hann svaraði því með kenningunni um fólksfjöldann. Hún er í stuttu máli sú að þegar laun verkafólks hækka lifa fleiri börn til fullorðinsára, en barnadaudi í verkamannafjölskyldum var skelfilegur í Bretlandi á dögum Adams Smith. Með auknum fólksfjölda eykst framboð af vinnuafl, launin lækka aftur og framleiðslan fer að skila gróða á nýjan leik. Gróðinn gerir fyrir-



Breskt verkamannahverfi
á 18. öld

tækjunum mögulegt að spara og því líta nýjar fjárfestingar dagsins ljós og sagan endurtekur sig.

Adam Smith vildi að stjórnmálamenn létu markaðinn afskiptalaus. Hann var sannfærður um að frjáls markaður væri besta leiðin til að beina framleiðsluþáttunum þangað þar sem þeir yrðu nýttir á hagkvæman hátt til hagsbóta fyrir heildina. Því eins og Adam komst að orði: „Það er aðeins einn tilgangur og eitt markmið með framleiðslunni. Það er neyslan.“

Hann taldi að ríkið ætti ekki að hafa afskipti af markaðskerfinu. Hann bardist á móti innflutningshömlum og útflutningsbótum. Ríkið átti hvorki að verja einstakar atvinnugreinar fyrir samkeppni né eyða fé til verkefna sem aldrei gæfu neitt í aðra hönd. Helsti óvinur markaðskerfisins var að hans mati einokunarvaldið í öllum sínum margbreytilegu myndum. Adam óttaðist ekki ríkisvaldið enda var það ekki eins völdugt á 18. öld eins og það er í dag.

Á dögum Adams Smith var atvinnufrelsi af skornum skammti. Fátæklingar máttu ekki leita vinnu utan sinnar heimasveitar, iðnmeistarar máttu ekki taka nema einn eða tvo nema á samn-

ing, stórfyrirtæki einokðuð útflutningsverslunina og þannig mætti lengi telja.

Adam Smith sá að allar þessar hömlur á starfsemi markaðsins komu í veg fyrir að markaðurinn gæti skilað því mikla verki sem honum var ætlað, sem sé því að nýta framleiðsluþættina á sem hagkvæmasta hátt í samræmi við óskir neytendanna og tryggja þeim vörurnar á lægsta hugsanlegu verði. Það er því margt sem við getum enn þann dag í dag lært af Adam Smith þótt meira en 230 ár séu liðin frá því að *Audlegð þjóðanna* kom út.

Verkefni

- 1 Segðu frá Adam Smith, helstu ritum hans og kenningu um markaðinn.
- 2 Hvernig endurspeglar kenningar Adams Smith það þjóðfélag sem hann bjó í?
- 3 Hvers vegna tekst markaðnum ekki að jafna vöruverð á milli landa í heimi frjálsra viðskipta á okkar dögum?

4 Nefnið dæmi um ósýnilegu höndina úr niðrmanum? Varð sem aðrir vilja erguast hlutdeild í?

Karl Marx

5



Karl Marx 1818–1883. „Heimspekingarnir hafa útskýrt heiminn á ýmsa vegu, öllu skiptir þó að breyta honum.“

Karl Marx fæddist árið 1818 í Trier í Þýskalandi. Foreldrar hans voru efnaðir gyðingar sem tóku kristna trú til þess að faðir Karls gæti stundað lögfræðistörf. Karl lagði stund á lögfræði, sagnfræði og heimspeki bæði í Bonn og Berlin. Faðirinn vonaðist til þess að sonurinn fetaði í fótspor sín og yrði lögfræðingur en heimspekin freistaði Karls meira en lögfræðin og hann lauk doktorsprófi í heimspeki árið 1841, aðeins 23 ára gamall. Ritgerð hans fjallaði um heimspeki Demókrítosar og Epikúrosar. Að námi loknu varð hann ritstjóri á *Rheinische Zeitung* en það var dagblað sem gefið var út af röttækum vinstri mönnum í Þýskalandi. Ritstjórarstarfið entist honum í fimm mánuði, þá var blaðið lagt niður. Karl fluttist til Parísar og ritstýrði þar öðru tímariti, en ritstjórarstörf hans einkenndust af hlífðarlausri þjóðfélagsgagnrýni.

Karli hefur verið lýst þannig að hann hafi strax sem ungur maður verið byltingarsinni í útliti. Hann var samanrekinn, dökkur yfirlitum með mikið hár og skegg. Hann var ekki snyrtimenni. Hann var stórreykingamaður og bækur og blöð lágu eins og hráviði um allt eftir hann. Þrítugur að aldri giftist hann Jenny von Westfalen sem var prússnesk aðalsmannsdóttir. Þau voru bláfatæk alla tíð en eignuðust fimm börn. Tvö þeirra dóu ung.

Varla er hægt að minnst að Karl Marx án þess að nefna um leið vin hans og sálufélag Friedrich Engels. Þegar þeir hittust í París árið 1844 höfðu þeir svo mikið um að tala að sagan segir að þeir hafi talað saman samfellt í tíu daga. Þeir treystu dómgreind hvor annars fullkomlega og lásu yfir flest þau skrif sem þeir birtu opinberlega hvor fyrir annan. Bréfaskriftir þeirra fylla margar bækur. Karl varð sífellt áhugasamari um stjórnmál og hagfræði. Hann taldi að markmið heimspekilegrar gagnrýni væri að vekja þjóðfélagið til vitundar um sjálft sig og að varpa ljósi á orsakir þeirra átaka sem þar eiga sér stað. Upphaf allrar þjóðfélags-

Friedrich Engels



Friedrich Engels 1820–1895.